

Vegagerðin, Suðursvæði
Breiðumýri 2
800 Selfoss

Reykjavík, 30. apríl 2020
UST202004-212/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Landmannaleið - Dómadalur

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Vegagerðarinnar, Suðursvæðis, dagsett 24. apríl 2020, um leyfi til framkvæmda á vegslóða innan Friðlands að fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

Lýsing verkefnis:

Færa á vegslóða á um 700 metra kafla sem liggur um Dómadal. Í Dómadal hækkar vatnsyfirborð Dómadalsvatns reglulega það mikið á vorin að vatn liggur yfir veginum fram eftir sumri og er vegurinn þá ófær. Fara á í framkvæmdir til að koma í veg fyrir akstur utan vega sem orsakast þegar vegurinn er illfær eða ófær.

Sótt er um leyfi til að leggja um 0,7 km langan vegslóða fram hjá vatninu sem myndar vatnsflaum yfir núverandi slóða. Með því gaði vegurinn opnast fyrr á vorin og komið í veg fyrir utan vega akstur. Stefnt er að því að breytingin á Dómadalsleið verði á eins stuttum kafla og hægt er og með eins litlum breytingum á leiðinni og náttúrunni og mögulegt er.

Áætlað er að nýr vegslóði fari að litlum hluta yfir gróið svæði um 100 metra en annars að mestu á sendnu svæði. Þar sem verður farið í gegnum gróið svæði verður gróðurþekjan tekin upp til að marka vegslóðann og þekjan notuð til að loka um 75 metra kafla núverandi vegslóða. Öll ummerki vegslóða sem verða aflagdir verða afmáð með öllu. Engu efni verður ekið að en mögulega verða nokkrir steinar fjarlægdir með handaflí.

Stefnt er að fara í framkvæmdir í júní 2020, 2-3 starfsmenn koma að verkefninu og notast verður við vörubíla og veghefla.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vegir innan Friðlands að Fjallabaki séu skipulagðir og hannaðir með það að markmiði að koma í veg fyrir að ekið sé utan vega. Mikilvægt er að vegir séu vel merktir og vel viðhaldið. Stofnunin telur að umrædd framkvæmd hafi jákvæð áhrif á umferð um svæðið. Að færsla á veglínunni í Dómadal verði til þess fallin að vegurinn verði

greiðfærari, að vatn flæði síður yfir veginn í leysingum og vætutíð sem er þess valdandi að ekið er utan vegarins.

Umhverfisstofnun telur að færsla vegar í Dómadal muni ekki hafa neikvæð áhrif á svæðið og með því sé verið að draga úr hættu á utan vega akstri.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vegagerðinni fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum í Dómadal innan Friðlands að fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan sumarið 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalyssingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Nota skal gróðurþekju sem tekin er úr nýrri veglínu í uppgraðslu á vegkafla sem verður aflagður og hjólför utan vega fjarlægð.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega utan skilgreinds framkvæmdarsvæðis er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi forsætisráðuneytisins gæti þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri